

1999 nr. 132 31. desember**Lög um vitamála**

Tóku gildi 11. janúar 2000. *Breytt með* l. 142/2002 (tóku gildi 30. des. 2002), l. 144/2009 (tóku gildi 31. des. 2009), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 164/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tóku gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 170/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012) og l. 59/2013 (tóku gildi 1. júlí 2013).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra** eða **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. [Yfirstjórn vitamála.]¹⁾

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

■ 1. gr.

□ [Ráðherra fer með yfirstjórn vitamála og framkvæmd þeirra er á hendi Samgöngustofu og Vegagerðarinnar.]¹⁾

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

■ 2. gr.

□ [Vegagerðinni]¹⁾ ber að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis í siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum í kringum landið með þeim undantekningum sem síðar getur.

□ Til slíkra leiðbeininga teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljóttandi leiðarmerki, radiómerki til staðar-ákvörðunar og upplýsingar um veður og sjólag.

□ [Vegagerðin]¹⁾ skal einnig hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru á áður nefndu svæði og stuðla að útgáfu korta sem innihalda nauðsynlegar upplýsingar til að sjófarendur geti notað áður nefnd hjálpartæki. [Samgöngustofa]¹⁾ skal hafa eftirlit af hálfu ríkisins með uppsetningu og rekstri leiðarmerkja sem einstök sveitarfélög eða einstaklingar setja upp. [Vegagerðin]¹⁾ skal, að beiðni Veðurstofu Íslands, annast veðurathuganir á vitastöðum. Þá fer [Vegagerðin]¹⁾ með leiðsögumál, svo sem nánar er tilgreint í lögum um leiðsögu skipa.

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

II. kafli. Landsvitar og hafnarvitar.**■ 3. gr.**

□ Vitakerfi Íslands greinist í tvo meginþætti, landsvita og hafnarvita.

□ Til landsvitakerfisins heyrja í meginatriðum allir þeir vitar og önnur leiðarmerki sem telja má að þjóni almennum siglingum við ströndina ásamt fiskveiðum.

□ Hafnarvitar teljast þeir vitar og önnur leiðarmerki sem eingöngu eru reist til að leiðbeina skipum inn á hafnarsvæði eða um tiltekna hafnir. Með hafnarsvæði er hér átt við það svæði sem lögsaga hafnarinnar nær yfir.

□ ...¹⁾

□ Ef hafnarstjórn eða einstaklingur vill setja upp leiðarmerki fyrir sjófarendur skal gerð þess og staðsetning ákveðin í samráði við [Vegagerðina]¹⁾ ...¹⁾ Leiðarmerki má ekki taka í notkun fyrr en úttekt hefur farið fram af hálfu [Samgöngustofu]¹⁾ sem þá sér um að merkið verði auglýst svo sem nánar er greint í lögum þessum.

□ [Vegagerðin]¹⁾ skal sjá um að landsvitakerfið starfi svo sem til er ætlast og því er lýst í vitaskrá. [Vegagerðin]¹⁾ skal jafnframt hafa eftirlit með hafnarvitum.

□ Hafnarstjórn eða einstaklingur, sem fengið hefur leyfi og sett upp leiðarmerki, er skuldbundinn til að halda merkinu við og tilkynna [Samgöngustofu og Vegagerðinni]¹⁾ tafarlaust um allar breytingar sem á því verða. Ef merki er ekki haldið nægilega við að dómi [Samgöngustofu og Vegagerðarinnar er Vegagerðinni]¹⁾ heimilt að annast nauðsynlegar lag-

færingar á kostnað eiganda. Óski hafnarstjórn eða einstaklingur að leggja niður eða breyta leiðarmerki skal sótt um það til [Vegagerðarinnar].¹⁾

□ [Vegagerðin getur]¹⁾ krafist þess að hafnarstjórn láti gera á eigin kostnað þá vita og önnur leiðarmerki sem [Vegagerðin]¹⁾ telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði. Til eigin kostnaðar telst einnig viðhald og rekstur slíkra vita og leiðarmerkja.

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

■ 4. gr.

□ Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur [Vegagerðin]¹⁾ látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu.

□ Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum.

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

■ 5. gr.

□ Hverjum landeiganda ber skylda til að láta af hendi mannvirki og land sem þarf til vitabygginga samkvæmt lögum þessum, svo og til íveruhúsa handa vitagæslumönnum. Enn fremur til þess að gera brautir og vegi í því sambandi, til að leyfa að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti sem vitabyggingin hefur í för með sér, allt þó gegn því að fullar bætur komi fyrir.

□ Um ákvörðun bóta skal farið eftir lögum nr. 11 frá 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms.

III. kafli. Vitagjald.**■ 6. gr.**

□ [Til að standa straum af kostnaði við rekstur og framkvæmdir á vegum [Vegagerðarinnar]¹⁾ skal greitt vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.]²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr. ²⁾ L. 144/2009, 1. gr.

■ 7. gr.

□ Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttóntonntölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

□ [Vitagjald, [136,62 kr.]¹⁾ af hverju brúttótonni skips, skal greiða af skipum sem taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Þó skal þetta gjald aldrei vera lægra en [5.145 kr.]¹⁾²⁾

□ Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stöð vegna áreksturs, sjóskekmda, veikinda, farmskekku eða öfriðar.

□ Skip sem eigi er notað við Íslandsstrendur á gjaldárinu eða er án haffæris allt gjaldárið er þó ekki gjaldskyld á því gjaldári.

¹⁾ L. 170/2011, 1. gr. ²⁾ L. 142/2002, 1. gr.

■ 8. gr.

□ Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða fjórðung vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó ekki

oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

□ Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

□ Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til [ráðuneytisins].¹⁾

¹⁾ L. 126/2011, 295. gr.

IV. kafli. Upplýsingaskylda.

■ 9. gr.

□ [Vegagerðin]¹⁾ skal sjá um að allar breytingar á leiðbeiningum til öryggis í siglingum verði tilkynntar sjófarendum. Auglýsingar skulu birtar minnst mánaðarlega í Tilkynningum til sjófarenda sem Sjósmælingar Íslands gefa út.

□ Upplýsingar, sem varða öryggi sjófarenda og ekki verða auglýstar með nægum fyrirvara í Tilkynningum til sjófarenda, skulu tilkynntar um strandstöðvar og í útvarpi þegar þörf krefur.

□ Sérhverjum sem annast rekstur leiðarmerkis er skylt að koma tilkynningum um breytingar og bilanir til [Vegagerðarinnar]¹⁾ svo fljótt sem verða má, en stofnunin sér síðan um birtingu þeirra. Á sama hátt ber öllum sem verða varir við bilanir í vitakerfi landsins að senda tilkynningar um þær til [Vegagerðarinnar]¹⁾ svo fljótt sem verða má. Enn fremur skal [Vegagerðin]¹⁾ tilkynnt um alla farartálma sem verða á almennt siglingaleið og ekki er getið í sjókortum eða tilkynningum til sjófarenda.

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

V. kafli. Farartálmar.

■ 10. gr.

□ Ef skip eða annað fljótandi far ferst eða strandar á siglingaleið ber eiganda þess að tilkynna um atburðinn tafarlaust til [Vegagerðarinnar]¹⁾ sem síðan merkir staðinn ef ástæða er talin til.

□ Eiganda farsins skal skylt að fyrir mælum [Vegagerðarinnar]¹⁾ að gera þær ráðstafanir sem taldar eru nauðsynlegar til öryggis fyrir siglingar og fiskveiðar.

□ Að liðnum gefnum fresti getur [Vegagerðin]¹⁾ á kostnað eiganda fjarlæggt hverja þá farartálma eða flök sem hér um ræðir.

□ Kostnaður við merkingu farartálma skal greiddur af eiganda hans.

□ [Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar afla samþykkis [Samgöngustofu]¹⁾ fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.

□ Jafnframt skal leita umsagnar [Samgöngustofu]¹⁾ um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.]²⁾

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr. ²⁾ L. 142/2002, 2. gr.

VI. kafli. Vitavarsla.

■ 11. gr.

□ Sérhver viti eða annað leiðarmerki skal vera í vörslu ábyrgs umsjónarmanns. Leiðarmerki, sem eru í eign hafnar-sjóða, skulu talin í ábyrgð hafnarstjóra eða hafnarvarðar og er hafnarstjórn skylt að senda [Vegagerðinni]¹⁾ tilkynningu um hver sé ábyrgðarmaður merkisins.

¹⁾ L. 59/2013, 13. gr.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 12. gr.

□ Ráðherra er heimilt að setja reglugerð¹⁾ um framkvæmd laga þessara.

¹⁾ Rg. 326/2004, Rg. 524/2008, sbr. 361/2009.

■ 13. gr.

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

■ 14. gr.

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . .